

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **20-046F009**

Dags: **12. apríl 2020**

Staður: **Dagverðareyri í Eyjafirði**

Lýsing: **Strokkur nr. 3 á hreyfli gaf sig**

Flugmaður flaug einkaflug ásamt einum farþega á flugvélinni TF-ROD (Piper PA-12 replica) frá flugvelliinum á Akureyri.

Eftir um 20 mínútna flug, þegar flugvélina var í 1000 feta hæð og í farflugi í átt að Hrísey, heyrðist hár hvellur og var eins og högg kæmi á flugvélina. Hreyfillinn missti afl og fann flugmaðurinn heppilegan landingarstað á túni við Dagverðareyri þar sem að hann lenti og heppnaðist landingin vel.



Flugmaðurinn er reynslumikill, fyrrum atvinnuflugmaður, og hafði flogið rúmlega 25 þúsund tíma. Þar af 450 flugtíma á þessa tegund flugvélar.

Flugvélina ásamt hreyflinum og loftskrúfu voru síðast skoðuð þann 4. apríl 2020 sem var svokölluð 50 tíma skoðun.

Við atvikið hafði flugvélinni verið flogið alls 220 stundir frá því að hún var smíðuð árið 2011.

Við skoðun á flugvélinni kom í ljós að strokkur<sup>1</sup> nr. 3 á hreyflinum hafði gefið sig.



Við nánari skoðun kom í ljós að framleiðslunúmer (P/N AEL85099) strokksins var tengt bandarískum lofthæfifyrirmælum AD 2009-26-12<sup>2</sup> vegna sprungna í strokkum, en raðnúmer (S/N 46768-05) strokksins lá þó utan þeirra raðnúmera sem lofthæfifyrirmælin tóku til.

RNSA hefur upplýst bæði NTSB og FAA í Bandaríkjunum um þetta atvik í tengslum við lofthæfifyrirmæli FAA AD 2009-26-12 og það að þessi strokkur S/N 46768-05 liggi utan þeirra<sup>3</sup>.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur farið yfir málið og lokað því með bókun þann 20.08.2020.

---

<sup>1</sup> cylinder

<sup>2</sup> FAA Airworthiness Directive AD 2009-26-12

<sup>3</sup> AD 2009-26-12 fara hæst í S/N 42179-30 fyrir P/N AEL85099 strokka